

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1991

Nr. 423

774

23. september 1991

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.

1. gr.

Frá og með 25. september 1991 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði fyrir Suðurlandi sem að vestan markast af 21°22'V og að austan af 20°40'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. september 1991.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.